

Ed. 359. Frumvarp til laga

um skólasetur og tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

Flm.: Gísli Jónsson.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reisa skal skóla og tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum í Austur-Barðastrand-arsýslu samkvæmt fyrirætlunum þessara laga.

Ríkið leggur jörðina Reykhóla endurgjaldslaust og kvaðalaust, samanber þó 2. gr., til þessara stofnana, ásamt öllum hlunnindum og jörðunum Grund og Börmum, búpeningi og réttindum öllum, allt eins og þetta er nú í eign ríkisins. Skipting eigna, réttinda og hlunninda fer eftir tillögu Reykhólanefndar til ráðuneytisins um þetta atriði.

Tekjur af eignum þessum renna til stofnananna í samræmi við skiptingu þeirra frá gildistöku þessara laga.

2. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að kaupa núverandi læknisbústað á Reykhólum, ásamt landi því, er honum fylgir, og leggja hvort tveggja undir skólasetrið, enda sé áður fengið samkomulag við héraðið um byggingu nýs læknisbústaðar og afhendingu til hans á nauðsynlegu landi úr jörðinni.

Skylt skal skólasetrinu að afhenda endurgjaldslaust nauðsynlegar lóðir og hitaafnot úr þeim hluta jarðarinnar, sem setrinu er afhentur samkv. 1. gr., til eftirfarandi:

1. Til sundlaugar.
2. Til heimavistarbarnaskóla.
3. Til prestsseturs.
4. Til saltvinnslu, ef ríkið óskar siðar að gera tilraunir með hana á Reykhólum.

II. KAFLI

Um tilraunastöð í jarðrækt fyrir Vesturland.

3. gr.

Tilraunastöð sú í jarðrækt, sem um getur í 1. gr., skal reist og rekin samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins. Skal undirbúningur undir rekstur stöðvarinnar hafinn nú þegar.

4. gr.

Tilraunastöðin fær endurgjaldslaust það land og þau hlunnindi, sem henni er skipt úr landi Reykhóla samkv. 1. gr. Er tilraunaráði i jarðrækt heimilt að semja við ábúendur um afhendingu landsins eða hluta þess, ef nauðsynlegt þykir að taka það, áður en ábúðartími þeirra er á enda, en þá skal allt afhent tilraunastöðinni, og hefur hún eftir þann tíma ein ráð yfir landinu.

5. gr.

Niðurröðun allra bygginga tilraunastöðvarinnar skal samræma við heildarskipulag staðarins.

III. KAFLI

Um vinnuskóla.

6. gr.

Skóli sá, sem um getur i 1. gr., skal reistur og rekinn af ríkinu og vera jafnt fyrir konur og karla. Markmið hans er að veita þá kunnáttu, sem þeim er nauðsynleg til þess að lifa og starfa á sviði landbúnaðar, smærri bátaútvegs og iðnaðar i sambandi við búrekstur. Skólinn skal aðallega starfa i 2 deildum: Verknámsdeild karla og verknámsdeild kvenna.

7. gr.

Í verknámsdeild karla skal kenna:

A. Verklegt nám:

Hagnýtustu aðferðir, sem þekktar eru á hverjum tíma i fyrirmyndarbúskap á smærri býlum og undir þeim skilyrðum, er nemendur eru líklegir til að búa við síðar. Auk þessara almennu landbúnaðarstarfa skal einnig kenna einföldustu undirstöðuatriði i trésmíði, hirðingu og viðgerð rafvéla, járn- og málmsmíði, sements-teypu, samsetning og sundurlimun búvéla, meðferð þeirra og hirðingu. Skal kennslunni hagað þannig, að nemendur geti að lokinni skólavist talizt búhagir og sjálfum sér nógir um flest það, er lýtur að viðhaldi og notkun þeirra áhalda, sem notuð eru við búskapinn. Nota skal við kennsluna vélar og áhöld af þeirri gerð, sem henta má hverju heimili að eiga og ekki væri því ofviða i kostnaði.

B. Bóklegt nám: Helztu undirstöðuatriði i almennum landbúnaðarnámsgreinum, svo og islenzka, stærðfræði, eðlisfræði, dráttlist, heilsufræði, bókhald og söngur.

Bóklega námið skal fyrst og fremst miðað við þarfir verknámsins.

8. gr.

Námstími verknámsdeildar karla er 3 missiri, tveir vetur og eitt sumar.

Nemendur deildarinnar eru skyldir til að taka þátt i hinum almennu landbúnaðargreinum, bóklegu námi og íþróttum, en auk þess i námi samkvæmt 2. málsgrein 7. greinar, að minnsta kosti i tveim þeirra námsgreina, er þar getur, enda segi þeir til þess, er þeir sækja um skólavist.

9. gr.

Í verknámsdeild kvenna skal kenna:

A. Verklegt nám:

Hagnýtar aðferðir i matartilbúningi, meðferð og geymslu búsafurða, með tilliti til þeirra skilyrða, sem nemendur síðar koma til að búa við, fatagerð, vefnaði, isaumum, prjóni, hirðingu og nýtni fata og umgengni alla um hús og heimili.

B. Bóklegt nám: Samanber 7. gr. B-lið.

Kennslutími er 1 ár.

10. gr.

Í báðum deildum skólans skal kenna sund og aðrar almennar íþróttir.

11. gr.

Auk þeirrar kennslu, sem ákveðin er með 7.—10. gr., skulu báðar deildir skólans halda námskeið fyrir almenning. Ráðuneytið setur reglugerð um inntökuskilyrði, próf og annað, sem tilheyrir rekstri skólans og eigi er tekið fram í lögum þessum.

12. gr.

Vinnuskólinn skal reka búskap á þeim hluta jarðanna, sem honum er látinn í té. Skal búskapurinn rekinn með þeim myndarskap og á þann hátt, að hann sé til eftirbreytni fyrir bændur landsins. Stefnt sé að því að koma á fót og reka eitt eða fleiri kennslubú, og sé stærð þeirra og rekstur miðaður við þau skilyrði, sem nemendur eru líklegir til að búa við síðar.

Skólinn skal jafnan vera á varðbergi fyrir nýjungum í búnaðarháttum og hagnýta sér þær.

13. gr.

Yfirstjórn skólans skal vera í höndum fimm manna skólaráðs. Skal það skipað af landbúnaðarráðuneytinu eftir tilnefningu þessara aðila: Búnaðarsambands Vestfjarða, Búnaðarsambands Dala- og Snæfellsnessýslna, sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu og hreppsnefndar Reykhólahrepps, — en ráðuneytið skipar þann fimmta, og er hann formaður ráðsins. Skal ráðið skipað til fjögurra ára í senn. Ber það ábyrgð á rekstri skólans gagnvart ríkisstjórninni og gerir tillögur um breytingar og endurbætur og allt annað, er lýtur að rekstri skólasetursins og hagnýtingu jarða og hlunninda.

14. gr.

Ráðuneytið skipar skólastjóra og kennara. Skulu laun þeirra vera í samræmi við laun skólastjóra og kennara annarra hliðstæðra stofnana.

IV. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

15. gr.

Gerðar séu nú þegar ráðstafanir til þess að leysa jörðina Reykhóla úr ábúð, svo að allt jarðnæði og öll hlunnindi séu stofnuninni til fullra afnota eigi síðar en í fardögum 1945.

16. gr.

Gera skal nú þegar skipulagsupprátt að skólasetrinu og byggingum öllum. Að því loknu skal hafizt handa um byggingu skólahúss og bústaða forstöðumanns og kennara, samfara nauðsynlegum vinnustörfum og peningshúsum, svo að skólinn geti starfað sem fyrst. Þar til þessi undirbúningur er framkvæmdur, má eigi gera neinar byggingar á jörðinni frá því, sem nú er, nema í samráði við nefnd þá, er um getur í 17. gr.

17. gr.

Þar til ráðnir hafa verið forstöðumenn fyrir stofnunum, skipar ráðuneytið 5 manna nefnd til þess að standa fyrir þessum málum og aðstoða það með allar framkvæmdir.

Nefndinni er heimilt að semja við ábúendur um alhendingu landsins eða hluta þess, ef nauðsynlegt þykir að taka það, áður en ábúðartími þeirra er á enda.

18. gr.

Fyrirhugað þjóðvegastæði um land Reykhóla skal valið í samráði við nefnd þá, sem um getur í 17. gr.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Markmiðið með stofnun skóla og tilraunastöðvar á Reykhólum er að auka verkþekkingu og verktækni hjá þeim, er stunda búrekstur til sjávar og sveita eða vinna að störfum í þágu þessara atvinnugreina.

Valið á jörðinni Reykhólum, ásamt þrem jörðum, er henni fylgja, til þessarar starfsemi, byggist aðallega á þrem ástæðum:

1. Hinum miklu og góðu skilyrðum, er jörðin hefur til að fullnægja kröfum og þörfum slíkra stofnana.
2. Almennri þörf og margítrekuðum óskum um, að á Vesturlandi og einkum á Vestfjarðakjálkanum verði komið upp menningarmiðstöð til eflingar lífsafkomu og til endurbóta á starfsaðstöðu þess fólks, er þar býr til sveita og við sjó.
3. Nauðsyn þess og almennum vilja þeirra héraða, sem næst staðnum liggja, að Reykhólar séu endurreistir með þeim myndarbrag, er sé við hæfi sögulegrar minningar þessa höfuðbóls frá landnámstíð og langt fram á aldir.

Þar sem gert er ráð fyrir, að stofnanir þessar fái kvaðalaust þessar eignir ríkisins til umræða, er það byggt á því, að með þessu séu þeim tryggð þau þróunarskilyrði, að unnt verði í framtíðinni að ná þeim markmiðum, sem þeim eru sett.

Það er gert ráð fyrir, að þessar tvær stofnanir séu hvor fyrir sig sjálfstæðar í rekstri og stjórn með algerlega aðskildum fjárhag, enda þótt þeim báðum sé ætlað að vinna að skyldum markmiðum. Er því hér gert ráð fyrir ákveðinni skiptingu eigna, réttinda og hlunninda eftir tillögu, er Reykhólanefnd hefur gert, að lokinni rannsókn á málinu í heild og einstökum atriðum.

Tekjur allar af eignarhlutum, afhentum hvorri stofnun um sig, er ætlað til, að renni til þeirra framkvæmda, er vinna þarf til að grundvalla og byggja upp þessar stofnanir, og síðar, þegar þær eru að fullu reistar, til eflingar rekstri þeirra.

Um 2. gr.

Auk þess, að jarðirnar eru í ábúð, uppsegjanlegri með árs fyrirvara, að því er tekur til Reykhóla, en Barmar í lífstíðarábúð og Grund leigð á erfðaleigu, þá hefur læknishéraðið umræð yfir 22,9 ha. af landi og á þar læknisbústað á stað, er ekki samrýmist fyrirhuguðum framkvæmdum eftir frumvarpinu. Þar sem læknisbústaðurinn er ófullnægjandi án stórfelldra endurbóta og viðbyggingar, vantar t. d. nauðsynlegar sjúkrastofur, móttökuherbergi sjúklinga og nægilega rúmgóðan stað fyrir lyfjabúð, skal bent á, að eðlilegust væri bygging nýs læknisbústaðar og héraðið fengi með þeirri byggingu lóð og nauðsynleg hitaréttindi. Stærð lóðarinnar ætti ekki að þurfa að fara yfir 1 ha. af rækthæfu landi, auk húslóðarinnar.

Þá álízt rétt, að í lögum þessum finnist takmörkuð heimild til afhendingar lóða og hitaafnota til ákveðinna aðila, til sundlaugar, sem þegar er í undirbúningi, að ungmennafélög byggi á staðnum. Er ekki ætlað til, að þau lóðarréttindi nái til meira lands en nauðsynlegt er fyrir grunnstæði sundlaugar, búningsherbergi, sólböð og annarra mannvirkja, er íþróttafulltrúi álitur nauðsynlegt, að fylgi lauginni.

Til heimavistarbarnaskóla er ætlað til, að landstærðin nægi til grunnlóðar og leikvalla. Landstærð til þessa ætti ekki að þurfa að vera yfir 2 ha.

Þar sem gefin hefur verið með lögum heimild til að flytja prestssetrið frá Stað til Reykhóla, þykir sjálfsgætt að taka tillit til þeirrar ráðstöfunar. Hins vegar er ekki unnt að gera þessa ráðstöfun á þeim grundvelli, að prestur reki búskap, og yrði því að breyta launakjörum í samræmi við hinar breyttu aðstæður. Hins vegar yrði að telja sjálfsgætt, að lóðarstærð sé þannig, að prestur geti haft garðrækt til heimilisþarfa og ræktunarland fyrir eina eða tvær kýr, en 2—3 ha. mundu fullnægja þessum þörfum.

Þá er skipulagsnefnd atvinnamála gerði sínar tillögur árið 1936, er í þeim bent á möguleika til saltvinnslu úr sjó á Reykhólum og að til þessa rekstrar yrði notaður jarðhiti staðarins. Það þykir ekki rétt að ganga fram hjá því að halda opininni að-

stöðu til tilraunar um þessar framkvæmdir. Enda er þess að vænta, að slík saltvinnslu-
stöð yrði reist við sjó, allfjarri byggingum heima á jörðinni, og ætti því á engan hátt
að þurfa að raska því skipulagi, er þar verður sett.

Um 3. gr.

Samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1943, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúna-
ðarins, er gert ráð fyrir, auk þriggja annarra stöðva, einni tilraunastöð í jarðrækt
á Vesturlandi. Nú þegar er fullnægt ákvæðum þeirra laga um val staðarins á Reyk-
hólum fyrir stöðina og í tillögum Reykhólanefndar fullnægt kröfum til þess land-
rýmis, er stöðin þarf að fá að dómi tilraunaráðs jarðræktar.

Um verksvið, stofnun og rekstur stöðvarinnar er þegar ákveðið í þeim lögum,
þarf því eigi í þessum lögum nein sérákvæði varðandi þennan þátt í uppbyggingu
staðarins.

Þar sem hér þarf að öllu leyti að byrja frá grunni á ræktuðu landi, án þess að
fyrir hendi séu byggingar, er nauðsynlegt, að undirbúningur hefjist strax. Því fyrr
fæst árangur af starfi hennar, enda þótt gera megi ráð fyrir, að byrjað verði á tilraun-
um í smærri stíl og stöðin verði látin byggja sjálfa sig upp með aðstoð búrekstrar, á
svipaðan hátt og gert hefur verið í gróðrarstöðvunum á Akureyri og Sámsstöðum.

Um 4. gr.

Það er í lögnum um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins gert ráð
fyrir, að ríkið reki tilraunastöðvarnar sem sérstakar stofnanir, og með tilliti til þessa
sett ákvæði um, að ríkinu sé heimilt að leggja Reykhólaland undir þessa starfsemi.
Jafnframt þykir rétt að gefa tilraunaráði jarðræktar, er fer með þessi mál á vegum
ríkisstjórnarinnar, heimild til að semja við ábúendur um, að vinna megi að undir-
búningi, svo sem framræslu, vegagerð og byggingum nú þegar, ef einhver frestur
yrði á, að ábúð yrði sleppt lausri, enda munu ábúðarsamningar þannig, að í þeim er
tilskilinn ákveðinn uppsagnarfrestur, er valdið gæti óþægilegum tófum á nauðsyn-
legum framkvæmdum.

Um 5. gr.

Ákvæði greinarinnar miða að því, að tryggð sé með fyrirfram ákveðnu skipulagi
fyrir alla uppbyggingu staðarins samfelld, listræn og hagkvæm heild í byggingarstíl
og niðurröðun bygðarinnar á Reykhólum.

Um 6. gr.

Skólanum er ætlað að vera verknámsskóli karla og kvenna, þar sem lögð er aðal-
áherzla á að gera nemendur að sem starfhæfustum mönnum, hvort heldur þeir koma
til síðar að fást við rekstur eða vinna að störfum við búskap í sveit og við sjó, og sé í
því sambandi lögð áherzla á, að nemendur verði húhagir og geti sjálfir leyst alhliða
störf af hendi, er koma fyrir við þau skilyrði, er allur almenningur í þessum atvinnu-
greinum á við að búa.

Enda þótt gert sé ráð fyrir tveim aðskildum verknámsdeildum karla og kvenna,
þá verður náið starfssamband milli deildanna, einkum að því er viðkemur starfi og
námi við hin fyrirhuguðu kennslubú samkv. 12. gr.

Um 7. gr.

Hér eru aðeins dregnar yztu markalínur viðvikjandi viðfangsefnum námsins. Það
ber sérstaklega að leggja alla áherzlu á hina hagnýtu verkkenndu, starfsaðferðirnar
kenndar og skýrðar og við kennsluna rakin þau grundvallaratriði, er hafa áhrif á,
að rétt verklag og verkleikni náist. Þessi kenndu á að ná til hinna smæstu jafnt sem
stærstu starfa, er inna þarf af höndum á venjulegu búi. Öll venjuleg bústörf verða
kennd og iðkuð undir stjórn kennaranna. Jafnframt yrði nemendum og kennd verk-
stjórn og reikningshald venjulegs búrekstrar.

Fyrir utan kennslu hinna daglegu starfa, þá fari fram verkleg kennsla í vinnustofum skólans í þessum greinum:

Í trésmíði: Einföldustu undirstöður í tréskurði, húsagerð, húsgagnagerð, bátasmíði og áhaldasmíði allri.

Í járn- og málmsmíði: Einföldustu undirstöður í eldsmíði, rennismíði, sögun, málmsteypu, logsuðu og koparsmíði.

Í sementssteypu: Einföldustu undirstöður í blöndun sementssteypu og gerð holsteina, vikursteina, sementsshellna og húsa.

Hirðing og viðgerð rafvéla: Öll undirstöðuatriði í meðferð og hirðingu rafvéla, lagningu raflagna og hirðingu raftækja allra.

Í vélasmíði: Einföldustu undirstöður í samsetningu og sundurlimun búvéla, hvers konar sem þær eru, fastar og lausar, meðferð þeirra og hirðing.

Þessari kennslu yrði þannig fyrir komið, að þátttaka nemenda færi eftir vali þeirra sjálfra í samráði við kennslulið skólans, eftir því hver atriði verknámsins eru talin þýðingarmest að þekkja inn á vegna framtíðarstarfa og aðstöðu nemandans. Og allir verða að taka einhverjar tvær þessara greina, ásamt aðalverknáminu.

Ekkert ætti að vera til fyrirstöðu, að ákveðið verði með reglugerð, að auknemendur yrðu teknir, er aðeins legðu stund á þessar iðngreinar sérstaklega. Við allt verknámið sé lögð áherzla á, að kennslan sé sniðin eftir viðfangsefnum daglegs lífs á heimilum.

Kennsla í bóklegu búnaðarnámi sé miðuð við almenn undirstöðuatriði jarðyrkju, garðræktar, almennrar búfjárræktar, alifuglaræktar, svina- og loðdýraræktar, búvéla- og verkfærafræði, búnaðarhagfræði, undirstöðuatriði um vörugæðamat búsafurða og búreikningahald. Öll þessi kennsla sé miðuð við, að nemendur nái betri tökum á verknáminu og geti notið þess sem bezt.

Um 8. gr.

Námstíminn er gert ráð fyrir, að byrji að haustinu, t. d. 1. október, og sé tveir vetur og eitt sumar. Þar sem bóklega kennslan og vinna í vinnustofunum fellur aðallega á vetrarmánuðina, þá þykir ekki fært að hafa námstímamann skemmri, svo að verkkennslan geti að fullu notið sín. Það verður og að telja sjálfsgagt, að þátttaka í öllum aðalnámsgreinum sé fast ákveðin, þó að gefið sé frjálst að velja milli þeirra iðngreina, er grundvalla og eru náð tengdar almennum búrekstri við sjó og í sveit.

Um 9. gr.

Við verknám kvenna sé lögð áherzla á að kenna öll almenn heimilisstörf, svo sem meðferð og geymslu matvéla, hagnýtar aðferðir í matartilbúningi, eins og ætla má, að meðalheimili hafi aðstöðu til að haga mataræði sínu. Þar sé og kennd meðferð mjólkur og tilbúningur algengustu mjólkurafurða. Verkkennsla fari fram í tóvinnu að því leyti, sem hún getur verið heimilisstörf. Þær taki og þátt í verknámi almenns landbúnaðar að því leyti, sem ætla má, að störfin geti fallið undir verksvið kvenna, að því er viðkemur ræktun jarðar og umhirðu búfjár.

Bóklega námið yrði með reglugerð ákveðið með hliðsjón af þátttöku kvenna í verknáminu.

Um 10. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 11. gr.

Með ákvæði greinarinnar er stefnt að því, að aðrir en þeir, sem stunda fast nám í skólanum, geti notið þar fræðslu um skemmri tíma í ákveðnum verkefnum. Sem helztu verkefni slíkra styttri námskeiða má benda á garðyrkju, almenna jarðyrkju, mjaltir og mjólkurmeðferð, matreiðslu, sauma og vefnað, viðgerð á fatnaði. Verkefni og fyrirkomulag námskeiðanna yrði ákveðið með reglugerð.

Um 12. gr.

Stofnunin rekur búskap á jörðinni með fullu tilliti til verknámsins. En markmiðið með búrekstrinum er jafnframt að afla skólanum tekna, bæði af búrekstrinum sjálfum og hlunnindum jarðarinnar. Þó að fyrst í stað yrði að styðjast við þennan búrekstur við verkkenzluna, ber að stefna að því, að stofnunin komi upp tveimur eða fleiri kennslubúum, er væru byggð upp með sjálfstæðum rekstri, en verkefnum væri skipt milli búanna. Má í því sambandi benda á sem eðlilega verkaskiptingu, að t.d. eitt búíð styddist við sjávargögn og hlunnindi, þannig að kennsla þess væri sniðin eftir þörfum þeirra, sem síðar koma til að vinna að búrekstri á hlunninda- og útræðisjörðum. Kenndi það allt viðvikjandi hagnýtingu vergagna, sjávarfangs og hlunninda, auk nauðsynlegs landbúskapar sem stuðningsframleiðslu. Eitt búíð sniðið fyrir almennan landbúskap á jörð, er hefði bæði ræktun og beitarafnot, þar sem aðalbúgreinar væru nautgripir, sauðfé, hross og garðrækt.

Þriðja kennslubúíð væri byggt á fullkomnum ræktunarbúskap, þar sem auk almennra búgreina væri höfð kornrækt, garðrækt, alifuglarækt, loðdýra- og svínarækt.

Stærð allra kennslubúanna sé ekki stærri en svo, að taki til meðalskilyrða. Á kennslubúunum vinna nemendur að öllum störfum til skiptis allt frá vikadrengsstarfi upp til þess að hafa bústjórn á hendi, og á þennan hátt lögð áherzla á alhliða þjálfun þeirra í því smæsta sem stærsta, er búinu viðkemur.

Komist þessi verkaskipting á, þá verður annar búrekstur stofnunarinnar rekinn meir með þeim markmiðum að hagnýta hin miklu skilyrði jarðarinnar og hlunnindi hennar og sem kennslutæki fyrir stærri rekstur.

Um 13. gr.

Yfirstjórn skólans er byggð upp með tilliti til þess, að þeir aðilar, er tilnefna menn í skólráðið, séu af svæði því, er skólinn á að vera menningarmiðstöð fyrir. En þar sem skólinn er ríkisstofnun, þykir sjálfsagt, að það ráðuneyti, er fer með landbúnaðarmál, skipi formann skólaráðsins.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Vegna þess að jörðin er í sanningsbundinni ábúð, er bráðabirgðaákvæðið nauðsynlegt.

Um 16. gr.

Verði frumvarpið að lögum, er nauðsynlegt, að föstu skipulagi sé komið á um, hvernig stofnunin verður byggð upp. Þó að stofnuninni sé ætlað að byggjast upp á lengri tíma, þarf það að gerast eftir föstu skipulagi, sem í öllum aðaldráttum er fyrirfram ákveðið.

Það verður að telja sjálfsagt, að eigi séu gerð föst mannvirki frekar en orðið er, áður en gengið hefur verið frá skipulagningu. Nú þegar eru á staðnum tvö varanleg íbúðarhús, læknisbústaður og annað íbúðarhús, sem er í smíðum, þannig sett, að ekki er líklegt, að þau geti samræmt þeim byggingum, er reistar yrðu á staðnum til frambúðar fyrir skólann.

Um 17. gr.

Það er nauðsynlegt, meðan skólaráð er ekki skipað, að framkvæmdanefnd vinni að undirbúningi málsins, er yrði skipuð af ráðuneytinu, þar til föst skipan kemst á framkvæmdastjórn skólans.

Um 18. gr.

Bilfær akvegur nær ekki til Reykhóla, en verið er að vinna að lagningu vegarins. Væntanlega yrði hagkvæmt að sameina vegagerð þessa um land Reykhóla land-

burkun þeirri, er þar verður að framkvæma, og þykir því rétt að hafa þetta bráða-
birgðaákvæði til að tryggja, að veginum verði valinn hagkvæmur staður um land
Reykhóla með tilliti til fyrirhugaðra framkvæmda.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Álit og tillögur Reykhólanefndar.

I.

Samkvæmt ályktun Alþingis frá 12. apríl 1943 voru undirritaðir, með bréfi at-
vinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dagsettu 30. júlí s. l. ár, skipaðir í nefnd til að
gera nákvæmar athuganir og tillögur um framtíðarnot jarðarinnar Reykhóla sem
skólaseturs og tilraunastöðvar fyrir Vesturland.

Formaður nefndarinnar kvaddi hana til fundar að Reykhólum 17. ágúst s. l.,
eftir að hafa haft fund með meiri hluta nefndarinnar í Reykjavík, þar sem athuguð
voru þau gögn, er lágu fyrir varðandi málið.

Nefndin skoðaði jörðina og kynnti sér staðhætti alla og skilyrði jarðarinnar,
auk þess sem hún við þessar athuganir studdist við þær rannsóknir, mælingar og upp-
drætti, er Búnaðarfélag Íslands hafði látið gera að tilhlutan forsætisráðherra 1940—41.

Nefndin hóf störf sín aftur hinn 12. september s. l. og hefur kynnt sér rækilega
öll gögn málsins, er komið hafa fram í Alþingi, heima í héraði, á búnaðarþingi og
annars staðar. Hefur hún haldið fundi, þar sem allir þættir málsins hafa verið teknir
til athugunar og umræðu, svo og unnið úr þeim gögnum, er nefndin aflaði við at-
hugun jarðarinnar sjálfrar. Vísast um þau atriði til meðfylgjandi uppdráttar Bún-
aðarfélags Íslands og lýsingar á jörðinni, er uppdrættinum fylgir.

Nefndin telur ekki ástæðu til að rekja forsögu þess verkefnis, er hér liggur fyrir,
en vill aðeins benda á, að eftir að ríkið keypti Reykhóla, komu fram eindregnar
kröfur og áskoranir frá hreppsnefndum og sýslunefndum í Vestfirðingafjórðungi svo
og frá Breiðfirðingafélaginu í Reykjavík um stofnun skólaseturs á Reykhólum. Jafn-
framt þessu lágu þegar fyrir tillögur frá Búnaðarfélagi Íslands um, að ríkið ráðstaf-
aði ekki jörðinni í varanlega ábúð, svo að opnum sé haldið þeim möguleika, að á
staðnum verði komið á fót skólastarfsemi svo og tilraunastöð vegna jarðræktar. Bún-
aðarsamband Vestfjarða tók eindregið í sama streng með áskorun til ríkisstjórnar-
innar, dags. 11. maí 1942. Á þingi 1943 bar form. þessarar nefndar, Gisli Jónsson al-
þingismaður, fram frumvarp um stofnun skóla að Reykhólum. Eftir að landbúnað-
arnefnd hafði fengið umsögn fræðslumálastjóra og stjórnar Búnaðarfélags Íslands
og síðar loks frá búnaðarþingi tillögu um, að samhliða hinni fyrirhuguðu skólastarf-
semi eftir frumvarpinu verði komið upp landbúnaðartilraunastöð fyrir Vestfirði á
Reykholum, þá bar hún fram í sameinuðu Alþingi tillögu þá, er leggur fyrir skipan
nefndarinnar og hvert verkefni sé fyrir hana lagt.

Með hliðsjón af því, sem hér er rakið af gangi málsins, þá litur nefndin svo á, að
sameinað Alþingi hafi þegar lýst vilja sínum um, að þessar tvær stofnanir, skóli og
tilraunastarfsemi, fái afnot Reykhóla, ef að dómi nefndarinnar jörðin álist hafa
skilyrði fyrir hendi til þess, að þær verði þar settar, en auk þessa beri nefndinni að
gera tillögur um skiptingu á afnotum jarðarinnar milli þessara fyrirhuguðu stofnana.

Þar sem þingsályktunartillagan, sem skipan nefndarinnar er byggð á, er komin
fram á Alþingi og samþykkt þar sem afleiðing af rökstuddri dagskrá, er Alþingi sam-
þykkti 16. marz 1943, svo hljóðandi:

„Í trausti þess, að fram verði látinn fara hið bráðasta ýtarlegur undirbúningur
að lagasetningu um framtíðar menningarstarfsemi á Reykhólum og á þann hátt fáið
öruggur grundvöllur undir þá starfsemi, þá leiðir deildin hjá sér frekari afgreiðslu
málsins.“

Þá hefur nefndin, eftir að formaður hafði um það rætt við landbúnaðarnefnd, samið frumvarp til laga um skólastarfsemi þá, er hér um ræðir, þar sem ákveðið er starfssvið og starfshættir skólans.

Varðandi hinn þátt verkefnisins, tilraunastarfsemina, gildir nokkuð öðru máli, þar sem tilraunastarfsemi sú, er hér verður gert ráð fyrir nú þegar, er ákvörðuð með lögum nr. 64 frá 7. maí 1940, og leiðir því af sjálfu sér, að hinni fyrirhuguðu tilraunastöð verði komið upp og hún starfrækt á grundvelli þeirra laga, enda liggur þegar fyrir álit og tillögur tilraunaráðs jarðræktar, þar sem á Reykhóla er bent sem álitlegastan stað á Vesturlandi fyrir þessa starfsemi. Af þeim ástæðum telur nefndin ekki þörf fyrir neina sérstaka lagasetningu eða frekari ákvarðanir um starfstilhögun þeirrar stofnunar.

II.

Samkvæmt þeim athugunum, er nefndin hefur gert á skilyrðum og aðstöðu á jörðinni Reykhólum, þá er nefndin sammála um að leggja til, að Reykhólar, ásamt Grund, Hvannahlíð, Barmahlíð og jörðinni Börmum, verði teknir óskiptir til skólastarfsemi og tilraunastöðvar í jarðrækt, er rekin verði samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1940, og skiptist jörðin milli þessara tveggja starfspátta samkvæmt I. og II. tölulíð þessara tillagna.

I. Tilraunastöðin fái til umráða land, sem afmerkt er á meðfylgjandi uppdrætti í austanverðri landareign Reykhóla. Takmarkast það af núverandi vegi með fjallahlíð, að austan af landamerkjum Miðhúsa, að sunnan af sjó og að vestan af Grundará niður móts við Nátthaga og þaðan bein lína í Langavatn. Landinu fylgja þau hitaréttindi, sem í því eru, en ef rannsókn leiðir í ljós, að þau séu ófullnægjandi fyrir starfsemina, þá sé þörf stöðvarinnar fyrir hita fullnægt frá einhverjum af heimahverum jarðarinnar. Auk þess séu lagðar til tilraunastöðvarinnar 1—3 eyjar, ef þess verður þörf vegna sérstakra tilrauna.

II. Öllu öðru landi jarðarinnar með gögnunum og gæðum sé ráðstafað til skólastarfsemi, þannig:

1. Að ríkið komi upp og reki vinnuskóla, er hafi eftirtalin höfuðmarkmið:
 - a. Að efla vinnuþekkingu kvenna og karla á sviði landbúnaðar, smærri bátavéttvægs og iðnaðar, er grundvallar þessar atvinnugreinar.
 - b. Að veita almenna bóklega alþýðufræðslu í þeim undirstöðugreinum, sem nauðsynlegar eru fyrir verklega námið.
 - c. Að reka þann búskap til lands og sjávar á jörðinni Reykhólum, er því höfuðbóli hæfi og nauðsynlegur er til að verkkennda í þessum atvinnugreinum geti farið fram.

Þessum markmiðum sé náð með bóklegri og verklegri fastakennslu, svo og með styttri námskeiðum fyrir almenning varðandi atvinnugreinarnar.

2. Heimavistarbarnaskóla verði ætlað land og hitaafnot. Starfsemi barnaskólans yrði samræmd annarri skólastarfsemi á Reykhólum. Hann hefði afnot af leikvöllum, sundlaug, vinnustofum og íþróttahúsi sameiginlega með vinnuskólanum.

Viðvíkjandi þessum tillögum nefndarinnar skal sérstaklega tekið fram:

Jörðin Reykhólar hefur mörg þeirra skilyrða, er gera hana hæfa til, að þar risi upp menningarstofnanir, er hafi þau markmið, er tillögurnar gera ráð fyrir. Söguleg rök svo og lega jarðarinnar miðsvæðis á Vesturlandi mæla með því, að jörðin verði tekin til þessara afnota.

Landrými jarðarinnar, þegar með eru talin þau býli, sem í tillögunni eru nefnd og hafa fylgt Reykhólum að fornu og nýju, er mikið. Ræktunarskilyrði eru góð. Jarðhiti er mikið og liggur vel við til notkunar á þeim stað, er aðalbyggingar stofnunarinnar yrðu settar. Það virðist því sjálfsagt og nauðsynlegt, að nú þegar verði gerðar þær ráðstafanir, að umrædd eign verði leyst úr þeim ábúðarböndum, er kunna að vera fyrir hendi, svo sem með því, að gerðar verði nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til að losa jörðina sjálfa svo og býlin Grund og Barma úr ábúð og semja við

núverandi ábúendur um, að byrja megi á nauðsynlegum framkvæmdum, þó að ábúð-artími þeirra væri ekki útrunninn eða ef dráttur yrði á, að ábúðinni yrði sleppt lausri.

Það skal og á það bent, að læknishéraðið hefur samning um landafnot á Reykhólum um 22,9 ha af landi, sem bæði vegna stærðar sinnar og legu verður að telja nauðsynlegt, að engin ábúðarhöft hvíli á. Byggður hefur verið læknisbústaður á þessu landi, á stað, er ekki getur samrýmt því skipulagi, er gera má ráð fyrir, að þarna verði komið á um byggingar staðarins.

Lítur nefndin svo á, að nauðsyn beri til, að samið verði um breytingu á þessu, þó að hins vegar læknissetrinu að sjálfsgöðu verði ætluð hæfileg lóð fyrir íbúð læknis, sjúkrahússtofur, lyfjabúð og aðrar byggingar, sem læknishéraðinu eru nauðsynlegar fyrir lækni sinn. En vitanlega verður niðurskipan þeirra bygginga og staðarval fyrir lóðina að vera í góðu samræmi við það skipulag, er lagt verður til grundvallar við uppbyggingu staðarins.

Við ákvörðun nefndarinnar um land fyrir tilraunastöðina hefur nefndin haft hliðsjón af rannsókn tilraunaráðs jarðræktar, er fór fram 1942 um staðarvalið og hver landstærð sé nauðsynleg. Heildar landstærðin innan þeirra takmarka, er í tilöggunni eru tilgreind, er 164 ha, þar af samfelld, ræktanlegt land 95 ha. Það þykir nauðsynlegt að tryggja stöðinni hitaréttindi, er hún þarf vegna rekstrar síns, því þó Kötlu-laug sé í landi þessu, þá hefur engin rannsókn farið fram um það, hvort hún muni geta fullnægt þörfinni. Þar sem aðrar tilraunastöðvar í landinu hafa ekki aðstöðu til raansóknar á viðfangsefnum, sem eru sérstæð fyrir búrekstur í eyjum, þykir rétt að gera ráð fyrir, að stöðin fái umráð yfir nokkru landi í eyjum jarðarinnar til tilrauna um þessi sérstæðu atriði. Þá má og á það benda, að ef til rafvirkjunar kemur fyrir staðinn, þá ætti að tryggja tilraunastöðinni þátttöku í framkvæmdinni og afnotum hennar. Þá leggur nefndin til, að hin væntanlega skólastofnun fái umráð yfir öllu öðru landi jarðarinnar svo og hlunnindum hennar. Er það gert með tilliti til þess, að tryggt sé, að skólastarfsemi sú, er þarna yrði rekin, hafi eðlileg þróunarskilyrði. En samhliða því sé stofnuninni lögð sú skylda á herðar að hagnýta landsnytjar og gagn jarðarinnar með myndarlegum búrekstri. Það er nauðsynlegt að tryggja þetta atriði sérstaklega, þegar um verknámsstofnun er að ræða, sem ætlað er að fást við fjölþætt verkefni innan tveggja aðalframleiðslugreina þjóðarinnar.

Stofnunin byggir því búskap sinn og hagnýtingu jarðarinnar að öðrum þræði með sjónarmið verkkenndslunnar fyrir augum, en að hinum þræði með tilliti til þess, að búreksturinn sé fjárhagslegur stuðningur þeim markmiðum, er skólastarfsemin stefnir að.

Gert er ráð fyrir, að næsta nágrenni staðarins sé gefinn kostur á að koma upp heimavistarbarnaskóla á Reykhólum, sem yrði sér rekinn, þó að ætlazt sé til, að þar geti verið nokkur samvinna, sérstaklega um afnot kennslutækja eins og leikvalla, sundlaugar, íþróttahúss og vinnustofa fyrir hagnýtt verknám, og í sambandi við þessar námsgreinar einnig notið sömu kennslukrafta og vinnuskólinn.

Það hafa verið uppi raddir um, að prestssetrið, sem hefur verið á Stað á Reykjanesi, verði flutt að Reykhólum. Nefndin telur, að þar sé um eðlilega ráðstöfun að ræða, að prestssetri yrði fenginn staður á Reykhólum, en jafnframt skal á það bent, að ekki yrði um það að ræða, að því gæti orðið látið í té land til búrekstrar. Yrði aðeins að ræða um byggingarlóð með tiltölulega lítilli ræktunarlóð umhverfis.

Það má gera ráð fyrir, að skólastarfseminni gæti verið stuðningur að njóta starfskrafta prestsins og að hann gæti á þann hátt borið uppi í launum fyrir kennslu það, sem búrekstur annars gæti veitt honum.

Reykjavík, 16. september 1943.

Gísli Jónsson, Aðalsteinn Eiríksson, Pálmi Einarsson.
formaður. ritari.

Július Björnsson. Jóhann Jónasson.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

Lýsing jarðarinnar Reykhóla.

I. LAND REYKHÓLA.

Heimaland Reykhóla er um 1600 ha að meðtöldum þeim hjáleigum, er lagðar hafa verið undir jörðina, en þær eru Austur-Garðar, Rúnkhús og Fjósakot svo og með býlinu Grund, sem nú er í sérstakri ábúð (erfðaleiguábúð). Auk þess fylgir jörðinni Barmahlíð við Berufjörð og Hvannahlíðar í Þorskafirði, sem eru að flatarmáli um 700—800 hektarar.

Tún. Innan túngirðingar Reykhóla eru 26,8 ha, og af því landi er ræktað tún 8,4 ha. Af þessu túni hafa bændurnir, er á jörðinni búa, afnot af 7,2 ha, en læknishéraðið hefur umráð yfir 1,2 ha. Býlið Grund hefur innan sinnar túngirðingar 5,2 ha, og eru af því fullræktaðir 2,3 ha. Samtals er því ræktað land á jörðinni 10,7 ha.

Af heimalandi jarðarinnar er fjallendi rúmir 1000 ha., en landið neðan Reykjanesfjalls er 560 ha, þar af nær uppdráttur Búnaðarfélags Íslands yfir 260 hektara.

Engjar og ræktanlegt land jarðarinnar er 242,7 ha. Land þetta er þýfðar og greiðfærar mýrar, og er allt þetta land mjög votlent, en liggur yfirleitt vel fyrir framræslu.

Beitiland jarðarinnar neðan við hið melda landsvæði er að flatarmáli 320 ha. Þetta land er ca. að hálfu leyti gróíð land, mýrar og sjávarfitjar, en að öðru leyti ógrónir hraunhólar og holt. Landið er létt til vetrarþeitar, en sumarhagar eru þar sæmilegir fyrir hross og sauðfé, en lakari fyrir nautgripi.

Eyjar og hólmar, er tilheyra jörðinni og landsnyttjar og hlunnindi eru af, eru 86 að tölu. Nyttjar af eyjunum eru slægjur, sumar- og vetrarþeitar. Hlunnindi af eyjunum eru varp, dúntekja, selveiði og kofnatekja.

II. LANDSNYTTJAR.

1. **Heyskapur.** Tún jarðarinnar gaf af sér í búskapartíð Bjarna Þórðarsonar að meðtöldu Grundartúni 500 hestburði af töðu, en samkvæmt skýrslum til fasteignamats 1932 gefur það af sér 800 hestburði.

Engjaheyskapur var í búskapartíð Bjarna í 30 ár að meðaltali 2000 hestburðir heimreiddir af votabandi, er svara ætti til 1000 hesta heyskapar af þurru heyi. Hin síðari ár er útheysafli talinn 450 hestburðir og þá væntanlega aðeins notað það bezta af engjunum. Heyskapur í eyjum hefur aldrei verið notaður til fulls, en talið var af Bjarna Þórðarsyni, að þar mætti heyja 500 hesta af töðu og melgresi.

2. **Beitaraðstaða.** Í eyjum er útteit ágæt fyrir sauðfé og hross. Var alið þar skurðarfé framan af vetri, meðan stórbú var rekið á Reykhólum, og er talið, að í þeim eyjum, er bezt liggja við, sé ganga fyrir 80—100 fjár og 30 hross og að þessi fénaður gangi þar af í flestum vetrum.

3. **Hlunnindi.** Þau eru fyrst og fremst dúntekja og selveiði.

Dúntekjan var að meðaltali 90 pund á ári þau 30 ár, er Bjarni Þórðarson bjó á Reykhólum. Hámark dúntekju var 110 pund. Hin síðari ár hefur dúntekjan ekki verið talin nema 45—60 pund.

Selveiði. Meðaltal selveiði er talið 80 kópar, en talið er, að hin síðari ár hafi selveiðin minnkað, svo að þetta meðaltal hafi hin síðustu ár verið 40—50 kópar.

Kofnatekja var talin í meðalári 3000, en hefur ekki verið stunduð neitt verulega hin síðustu ár.

Hrognkelsaveiði er töluverð á jörðinni, en útræði er ekki talið innfjarðar, en alllangt til sóknar á fiskimið út í Breiðaflóa. Þó er algengt, að lúða gangi inn á firði á sumrin, en sú veiði hefur ekki verið stunduð frá jörðinni.

Ítök þau, sem Reykhólum fylgja, eru þessi: Hálfur reki á allri jörðinni Sandnesi í Steingrímsfirði og enn fremur 24 manna sölvatekja á Saurbæjarfjörum.

Kvaðir. Prestsmata hvílir á jörðinni, 11 fjórðungar smjör til sóknarprestsins.

Jarðhitasvæði er í næsta umhverfi túnsins, en þó mest í suðvestur jaðri þeirrar

hæðar, er túnið stendur á. En hitasvæðið nær þó væntanlega yfir stærra svæði en sýnilegt er. Til þess bendir Kötlulaug, sem er norðaustan við Grundará, og Einasti- hver, sem er suðaustur frá túninu i hrauninu upp af Langavatni. Í landinu eru 5 hverir, sem sjóðandi vatn er í. Hitastig þeirra er 80—100° C. Auk þess eru laugar og smærri uppsprettuaugu, 16 að tölu, er hafa hitastig frá 30—60° C.

Samkvæmt rannsóknum verkfræðings, Höskulds Baldvinssonar (Álit og tillögur skipulagsnefndar atvinnumála), er vatnsmagn hitasvæðisins 30 litr/sek., og telur hann jafnaðarhita 85° C. á þessu vatnsmagni, er gæfi 5,6 millj. hitaey/klst.

Rafvirkjunaraðstaða. Tvær ár falla ofan af Reykjanesfjalli. Önnur, Grundará, tilheyrir öll jörðinni. Hún er fremur vatnslítill, en vatnsmagnið tiltölulega jafnt. Það liggja ekki fyrir athuganir um vatnsafl hennar eða virkjunaraðstöðu.

Úr Heyjardal fellur önnur á, er hefur upptök sín í landi Reykhóla. Er í þeirri á virkjunaraðstaða i landareign jarðarinnar Höllustaða, og samkvæmt mælingu mun mega fá þar virkjunaraðstöðu með 80—90 metra fallhæð, en vatnsmælingar hafa ekki verið gerðar á ánni.

Barmahlíðin er skógi vaxin, en auk þess er land þetta mjög gróðursælt og gæti því verið héraðsprýði, ef það nyti fullrar friðunar og skógurinn væri hirtur og rækt- aður. Hér er um allvíðáttumikið landsvæði að ræða, er verður mjög fyrir beitarör- tröð vegna þess, hve landgott þar er, einkum þó vor og haust, þegar búfé er í heima- högum.

Samkvæmt álitserð Búnaðarfélags Íslands er talið, að um 260 ha af landi jarð- arinnar sé mjög vel til ræktunar fallið, en auk þess megi telja vel nothæf til ræktunar minna samfelld svæði í beitilandi jarðarinnar. Skilyrði til kartöflu- og kornræktar eru mjög sæmileg.

Það er sérstök ástæða til að taka fram, að af hinu ræktunarhæfa landi, þá hefur læknishéraðið fóst leiguumráð yfir 21,7 ha og auk þess 1,2 ha ræktaðs lands. Á svæði þessu er nokkur hluti jarðhitans, en er þó undanskilinn leigu að öðru en því, er þarf vegna upphitunar læknishústaðarins. Land þetta liggur þannig, að allt mýrlendið vestan Skarðs- og Reykhólatúns getur því aðeins orðið ræst fram, að framræsla fari samhliða fram á landi því, er læknishéraðið hefur til umráða.